

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Nýtt deiliskipulag. Ból, Selakirkjubóli 1 í Öfundarfirði.*

Deiliskipulagið tekur til jarðanna Selakirkjubóls 1 (L141048), Bóls (L228016) og Bóls 2 (L232699), sami eigandi er að þeim öllum. Þessar jarðir hafa verið í eyði í allmarga áratugi en reist hefur verið eitt frístundahús á Bóli. Fyrirhugað er að breyta frístundahúsinu í íbúðarhús með heilsársbúsetu. Einnig er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsum ásamt gestahúsi/geymslu og 2-4 landbúnaðarbyggingum ásamt vélageymslum/verkstæðum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 8. ágúst 2024.*

**Helga Þuríður Magnúsdóttir,**  
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 22. ágúst 2024